



LIT2A05 Litafræði í bílamálun

Námsáætlun, Haustönn 2023

Kennari/kennarar:

Birgir Örn Guðmundsson

Netfang/netföng:

birgir.gudmundsson@borgo.is

Lýsing:

Kynnt er uppbygging litakerfa (NCS) sem byggjast á grunnlitum og gráskala. Gerðar eru æfingar í blöndun lita og litalögun með því að vita hvaða litir fást við blöndun grunnlita og gráskala lita, vita hvað heitir og kaldir litir eru. Fundnir litir miðað við lit sem er fyrir á fleti eða eftir lita spjaldi, litir lagaðir og þeim breytt geta verið hreinir litir, glitlitir (metallic) og perlulitir. Farið yfirnotkun tölvutækra litablöndunarkerfa til að finna rétta liti og blöndun litarefna með tölvuvog. Áhersla lögð á að nemandinn fari eftir fyrirmælum framleiðenda um notkun efna og tækja. Farið yfir staðsetningu litanúmera í ökutækjum og merkingu þeirra. Farið yfir hvernig skuli finna litanúmer bifreiðar og vinnuferlið frá því þar til réttur litur hefur verið fundinn, blandaður og málning tilbúin til notkunar. Áhersla á að nemandur fari eftir fyrirmælum framleiðenda um notkun efna og tækja.

Þekking, leikni, hæfni:

Þekking

- Aðferðarfræði sem beitt er við litabreytingar á hreinum litum, glitlitum og perlulitum.
- Grunnlitum.
- Grátónaskala.
- Litum og tónum.
- Uppbyggingu NCS litakerfinu og staðsetningu lita innan þess.
- Uppröðun lita í litahringnum.
- Tilgangi litakerfis og notkun á slíku hjálpartæki.
- Mikilvægi undirlita
- Á hvernig skanni virkar

Leikni

- Gera litablöndur eftir litaprufum miðað við NCS litakerfið.
- Nota NCS kerfið.
- Gera litablöndur í akrýl, glitlitum og perlulitum
- Í að breyta litum svo þeir passi við lit á fleti sem fyrir er.
- Finna litanúmer
- Gera æfingar með undirlitum í hreinum lit, glitlit og perlulit

Hæfni

- Geta blandað/lagað liti á réttan hátt.
- Geta gert greinamun á grunnlitum og tónum
- Geta greint hvort undirlitur hafi áhrif á lit sem á að nota.
- Að breyta lit svo hann passi við leit á fleti sem fyrir er
- Geta notað tölvu tæk litakerfi.
- Geta aflað sér upplýsinga um liti og litanúmer ökutækja.



Námsmat:

Vægi: Verklegt mat: 60%

Hér er metið hversu vel nemandi vinnur öll sín verk af hendi.

Skriflegt mat: 30%

Nemandi skilar inn skýrslu um verkefnið og þekkingarmat.

Þátttaka og Virkni 10%

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtakssemi, áhugasemi og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur skulu mæta stundvíslega í upphafi hvers kennsludags og hvernar kennslustundar, sé mæting undir viðmiðum í skólareglum er líklegt að honum verði vísað úr lotunni.

Nemendur verða að skila inn öllum námsþáttum til að eiga möguleika á að standast áfangann. Ekki er hægt að skila inn verkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

Nemendur verða að fá að lámarki 5.0 í öllum verkefnum til að standast áfangann.

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi fatnað (**BILAR fatnað og öryggisskó**) **Ef nemendur eru ekki í tilskyldum fatnaði skal vísa þeim úr kennslustund.**

Nemendur yfirgefa ekki kennslusvæði nema með leyfi kennara.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrifa og ganga frá verkfærum þar sem þau eiga að vera.

Í lok kennslustundar þrifa nemendur vinnusvæði..

Námsgögn:

Samantekið efni frá kennara ásamt internetinu og upplýsingum frá málningarframleiðendum, blöndunarherbergi, vinnusalur og sprautuklefi.



Dag.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	Kynning á áfanga.Fyrirlestur um litafræði	
	Fyrirlestur um litafræði og verkefni - NCS	
	Fyrirlestur um litafræði og verkefni - NCS	
	Fyrirlestur um litafræði og verkefni - NCS	
5	Fyrirlestur um litafræði og verkefni - NCS	
	Áhrif undirlita og verkefni	
	Áhrif undirlita og verkefni	
	Áhrif undirlita og verkefni	
	Finna litanúmer og velja réttan lit	
10	Finna litanúmer og velja réttan lit	
	Blanda liti og breyta eftir litaspjald og skanni	
	Blanda liti og breyta eftir litaspjald og skanni	
	Blanda liti og breyta eftir litaspjald og skanni	
	Blanda liti og breyta eftir litaspjald og skanni	
15	Þekkingar mat, skriflegt og verklegt	